Fundargerð, ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

3. fundur – þriðjudaginn, 27. apríl kl. 12.00-14.00 á Teams.

Mættir: Andri Ómarsson (Hafnarfjarðarbær), Ármann Kr. Ólafsson (Kópavogur), Hulda Hauksdóttir (Garðabær), Hugrún Ósk Ólafsdóttir (Mosfellsbær), María Björk Óskarsdóttir (Seltjarnarnes), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (Reykjavíkurborg), Þórir Garðarsson (FSH), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Kjartan Sigurðsson (SVÞ), Páll Björgvin Guðmundsson(SSH), Jón Kjartan Ágústsson (SSH) og Inga Hlín Pálsdóttir (SSH). Fundarritari: Inga Hlín Pálsdóttir, ráðgjafi

Þetta gerðist:

Samantekt um kjarna samstarfsins frá síðasta fundi

Farið var yfir helstu punkta frá síðasta fundi og þeim umræðum sem þarf fóru fram. Aðilar sammála um að samstarf eykur slagkraft, stofan þurfi að vera sjálfstæð eining og allir þurfi að eiga í stofunni bæði atvinnulífið og sveitarfélögin. Það lægu tækifæri í samstarfi aðila s.s. er varðar skilvirkni, uppbyggingu, stýringu, markaðssetningu, fókus og sérhæfing starfsfólks. *Sjá nánar í meðfylgjandi glærum með fundargerð.*

Samantekt úr kynningum og spjalli með hagaðilum

Haldnir hafa verið þrír kynningarfundir fyrir þeim aðilum sem tóku þátt í vinnustofum um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir jólin. Kemur fram ánægja með vinnuna og hún hafi þegar skilað samtali. Tillaga 1 eða 2 um fyrirkomulag á formi (sjá skýrslu) eru nefnd sem vænlegastur kostur. Síðan er hvatning um að halad áfram verkefninu. *Sjá nánar í meðfylgjandi glærum með fundargerð.*

Yfirferð og spjall um fyrirkomulag á áfangastaða – og markaðsstofu

Farið var yfir þær þrjár tillögur um form sem lagðar voru til í skýrslu Reykjavíkuborgar:

> Tillaga 1: Stofan yrði sjálfseignarstonfun í eigu sveitarfélaganna
> Tillaga 2: Stofan yrði sjálfstæð eining undir Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í eigu sveitarfélaganna með sérstöku ferðamálaráði bæði frá sveitarfélögunum og atvinnulífinu.
> Tillaga 3: Stofan yrði áfram hjá Reykjavíkurborg með sérstöku ferðamálaráði frá bæði sveitarfélögunum og atvinnulífinu.

Sköpuðust góðar umræður og eru hér helstu punktar teknir saman:

Almennar umræður:

- Vangaveltur hvort við værum bundin við einhverjar af þessum tillögum og þá sérstaklega tillögu 2 þar sem að verkefnið væri nú hjá SSH. Svo er ekki. Einnig var nefnt að mörgu leyti þá snýst þetta ekki um hvaða form við erum að fara í heldur að muna að þetta snýst um atvinnuuppbyggingu – ferðamenn, upplifun, fyrirtækin og sveitarfélögin.
- Mikilvægi þess að hafa hagaðila og atvinnulífið með. Ferðaþjónustan hefur verið að kalla eftir þessari vinnu en þurfa að hafa ávinning af samstarfinu. Fulltrúar ferðaþjónustunnar nefndu mikilvægi þess að fyrirtækin finni að þau skipti máli og að þau séu höfð með í ráðum frá byrjun – annars er hætta á að þau bakki frá.
- Þurfum við að bjóða fleirum að borðinu sbr. Félag atvinnurekenda?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

- Fulltrúi verslunar og þjónustu nefndi að aðilar vildu sjá þetta þróast en almennt séð telji hann að hagsmunasamtökin hafi áhuga þá því að taka þátt sama hvaða tillaga verði fyrir valinu.
- Mikið horft til Markaðsstofu Norðurlands sem fyrirmynd ásamt því að áhugi er á að heyra frá fleiri stofum.
- Fulltrúi Kópavogs kom inn á að það væri praktíkst að hafa stofuna nálægt Reykjavíkurborg en mikilvægt að hafa í huga að önnur sveitarfélög eru í mikilli uppbyggingu og tækifærin mörg sbr. Sky Lagoon í Kópavogi sem breytir möguleikum þess sveitarfélags mikið.
- Það er alltaf erfitt að fá aðila að borðinu með fjármagn – en í heild sinni snýst þetta kannski ekki beint um að fá aðila með stórt fjármagn að borðinu.
- Fulltrúi Reykjavíkurborgar kom inn á að það væri alveg eðlilegt að Reykjavíkurborg sé stærst í svona samstarfi, t.d fyrir norðan er það alveg ljóst að Akureyri er stærst í samstarfinu við Markaðsstofu Norðurlands og það þykur ekkert óeðlilegt. Mikilvægt að horfa á þetta sem heild – allt höfuðborgarsvæðið og mikilvægt að horfa fram á við – hvernig viljum við sjá höfuðborgarsvæðið eftir 10 ár?
- Hvert væri verkefnið sem við værum að sameinast um í byrjun?
- Hafa þarf í huga að ef farið er í að stofna stofunna að það þarf að greina verkefnin hjá Höfuðborgarstofu og hvað eigi að vera inni og hvað áfram annars staðar. Ásamt því að mögulega þarf að skoða aðrar stofur á höfuðborgarsvæðinu sem tengjast ferðamálum. Meet in Reykjavík er einnig verkefni sem þarf að skoða en Reykjavíkurborg er stór aðili í því.

Umræður sem voru nefndar um formin:

- Flestir nefndu að tillaga 1 gæti verið farsæl.
- Einn nefndi að hann væri ekki hrifinn af sjálfseignarstofnun þar sem að það ætti þær í raun enginn. Mætti skoða önnur form í þeim anda samt? T.d. Samvinnufélag.
- Stofur erlendis í þessum anda
- Með tillögu 1 erum mögulega verið að reiða sig meira á fagaðila í vinnunni en hinar tvær tillögurnar verði pólítískari?
- Fulltrúi ferðaþjónustunnar nefndi að mikilvægast væri að þetta væri sjálfstætt form þar sem allir koma að borðinu og allir bera ákveðna ábyrgð á stofunni. Markmiðið ætti að vera að höfuðborgarsvæðið er ein heild og verið sé að vinna að settum markmiðum t.d. dreifingu um svæðið.
- Ákveðnir kostir við að byrja með nýja sýn en þarf að hafa í huga að það geta líka verið veikleikar og hætta á að stofan verði of lítil og hafi ekki þann slagkraft sem þarf til. Ásamt því að taka tengslunum ef það fer út úr stjórnsýslunni.
- Of mikil pólítík og stjórnsýsla ef undir SSH
- Sögulega séð væri betra að byrja upp á nýtt með hreint borð
- Hvert sem formið er þá er mikilvægt að það sé leiðtogi (sveitarfélag/atvinnulíf) sem sér um að draga vinnuna áfram. Reykjavíkurborg er þar t.d. mikilvæg í krafti sinnar stærðar.
- Fulltrúi SSH nefndi að horfa þyrfti til sjálfstæðrar einingar og sterkrar tengingar við atvinnulífið. Það væri flókið þegar þetta væri komið inn í stjórnsýsluna en á sama tíma þarf að horfa til sterkrar tengingar við kjörna fulltrúa og þarf að finna flöt á því. Sé þetta ekki sem deild innan SSH því það væri flókið í stjórnsýslunni og stofan þarf að vera drífandi afl. Á sama tíma þarf mikla upplýsingamiðlun til allra aðila.
- Við þurfum góðan grunn til 5 ára ef halda á af stað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

- Skoða varðandi formið t.d. Markaðsstofa Hafnarfjarðar ef að fjármagn ekki nýtt á árinu þá hætta á að brenna inni og tekinn skattur af því. Þurfum aðstoð við að skoða þessar hliðar á málinu. Mögulega skoða byggðarsamlög og uppsetningu á þeim.
- Það þarf einnig að skoða ferðahegðun ferðamanna í framtíðinni fyrir allt höfuðborgarsvæðið sbr. að borgin er full af hlaupahjólum og rafmagnshjólum sem gera samgöngur enn auðveldari. Eða munu ferðamenn ferðast alveg eins og áður?

Umræður um fyrirkomulag stjórnar:

- Eðlilegt að Reykjavíkurborg hafi alltaf fulltrúa en eru hin sveitarfélögin tilbúin til þess að hafa ekki alltaf fulltrúa í stjórn sbr. Tillögur? Hvernig væri unnið úr þessu og hvaða útfærslur væru mögulegar - faghópur?
- Áhugi á að skoða fyrirkomulag hjá öðrum t.d. Íslandsstofu með fagráð og ráðgjafaráð.
- Nefnt var að hægt sé að finna því farveg hvernig pólítískir fulltrúar fái upplýsignar t.d. með fulltrúaráði eða fagráði.
- Sveitarfélögin þyrftu að eiga fulltrúa en svo væri líka hægt að horfa til varamanna ef allir komast ekki að í stjórn. Mikilvægt þó að horfa til þess pólítíkin og atvinnulífið bera saman ábyrgð á verkefninu.
- Hverjir eiga að sitja í stjórn – pólítikin eða stjórnsýslan?
- Stjórn þarf að geta ráðið og rekið framkvæmdastjóra og unnið að fjármögnun. Skilgreina þarf vel verkefni stjórnar.
- Má mögulega horfa til Ferðamálasamtakanna að einhverju leyti með stjórn en hún er með 12 manna stjórn en síðan er framkvæmdastjórn sem er 5 manna.
- Gott að hafa í huga t.d. hjá Íslandsstofu í fagráðum þá er valið fólk sem hefur þekkingu og hæfni í ferðamálum. Þetta væri ekki ráð stjórnar til þess að afla sér þekkingar heldur til þess að miðla og deila þekkingu.
- Við þurfum vettvang þar sem við útilokum engan; pólítík, stjórnsýsluna og atvinnulífið.

Fjármögnun:

- Mikilvægt að ræða fjármögnun áður en tillaga verður lögð fyrir stjórn SSH. Hvað væri fjármagnið að fara í?
- Þurfum að skoða hvernig aðrir eru fjármagnaðir og stilla upp.

Niðurstaða:

Niðurstaðan úr umræðunni er að allir eru sammála um að skoða eigi sjálfseignarstofnun í eigu sveitarfélaga og atvinnulífsins og mögulegt form á því ásamt því að byrja að skoða fjármögnun. Horft er til þess að geta skilað inn tillögum til stjórnar SSH í lok maí.

Næstu skref og önnur mál

Fulltrúi frá ferðaþjónustunni nefndi að það skipti máli að það yrði unnið hratt – því bókanir það er farið að sjá vöxt í bókunum og ef við erum of lengi af stað missum við af lestinni.

Ákveðið að á næsta fundi verði fenginn aðili frá Markaðsstofu Suðurlands til þess að segja frá þeirra formi. Á fundinum verði farið yfir önnur form á öðrum stofum. Á fundinum verður einnig byrjað að ræða hvernig fjármögnun gæti verið háttað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026